# *Framtíð,* blað á Húsavík, ritstjórar A. Sigurðsson og Ben. Guðmundsson 1904

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Framtíð – Húsavík – 2. tölublað, 1. Ár – 20 febrúar 1904 – A. Sigurðsson – Ben. Guðmundsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-1, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Framtíð
2 ar blað.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. ár 1. blað

Kemur út eftir hentugleikum.

# Framtíð

I ár Húsavík 20 febr. 1904.

Hvaða aðferð er heppilegust til þess að geðjast smekk lesenda sinna yfirleitt? Svona löguð spurning, hlýtur oft að svífa í huga þeirra sem fást við ritstörf, ekki síst þeirra sem starfa að blaðamensku. Spurningin er svo víðtæk, að henni verður ekki svarað án þess að einhverju leyti að lenda í sálarfræðislegum ágöngum. Mér hefur dottið í hug að minnast á þetta atriði, án þess

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ég búist við því, eða ætli, að
það verði nægilegt svar í þá átt.
Þegar 1sta blaðið af Framtíð kom
út, ráku margir hèr upp stór augu,
og það var ekki nema eðlilegt, það
er svo mannlegt að undrast, þegar
eitthvað nýtt – óvanalegt mætir mann.
Húsvíkingar munu óvanir því,
að sjá sveitablöð, sem fæðst hafi
innan endimarka þessa þorps.
Eins og gefur að skilja, urðu dóm-
ar um blaðið þá strax sundur-
leitir, enda þarf aldrei að kampa
þá dýrt. Sumir af þeim sem
hallmæltu blaðinu, vissi ég að
reistu sèr hurðar-ás um öxl
í því tilliti, þá skorti alla



dómgreind til þess að fást við
slíka hluti. Það á sèr líka oft
stað, að þeir sem ríkastir eru
af útásetningum, eru oft úr
þeim flokki, sem aldrei vinna
neitt sem til framfara eða framkvæm-
da horfir. Eins og Ívar gamli
Aasen segir einhverstaðar:
„Já dansarar allmargir vilja vera
„að vita og hæða það sem aðrir gera;
„og lýti sjá þeir við sérhvað eitt
„en sjálfir gera þeir aldrei neitt.
Sumir vildu að blaðið ræddi
eingöngu velferðarmál Húsavíkur,
en vildu ekki hafa kvæði, sögur
eða neitt það sem væri inn-
-an við takmörk hagfræðislegra
mála. Aftur voru aðrir sem vildu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

einmitt hafa hið gagnstæða.
Hvernig átti nú að gera báðum
þessum flokkum til geðs, þ. e.
fullnægja beggja kröfum?
Vitanlega var það ekki hægt að öllu
leyti að fullnægja þeim. Nú stönd-
um við á þeim takmörkum sem
spurningin heimtar að svarið komi
frá. Sjálfsafneitunar vald þess
sem ritar, hvort heldur hann er
rithöfundur, skáld eða blaðstjóri, –
þarf þá að koma til sögunnar.
Það vald sem hver og einn á
að hafa yfir sinni eigin fegurðar
tilfinning. Þó það sé mikils varðand-
i fyrir alla þá sem fást við ritstörf
að verk þeirra séu skilin, og rétti-



lega metin, þá þurfa blaðastjórar
ekki síst að halda á því, að ná
hylli manna þeirra sem blöð þeirra
lesa. Því það er hægt að hugsa sér
ritstjóra sem alltaf sér í hagfræð-
inni; aftur aðra sem hafi óbeit á
á henni. Svona geta ritstjórar
haft ólíkar skoðanir.
Auðvitað eru aftur margir sem
geta litið á kröfur flokkanna.
og dæmt þær, án þess að koma mjög
í bága við kröfur sinnar eigin
fegurðartilfinninga.
Sá ritstjóri t. d. sem er eingöngu
í hagfræðinni, verður eins og ég
sagði áðan að beita sjálfsafneit-
unar valdið, setja sig inn á sjón-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er svið lesanda tíma yfir leik, og reyna að verða við óskum leggja, eftir því sem stefna hans og afstaða leyfa. Því vitanlega má hann ekki vera svo bóngóður, að hann leggi þær skoðanir til síðu, sem hann hefur opinberað sig vera fylgis mann að. Þá er hætt við að hann yrði kallaður stefnuleysingi, vingland o. s. fr. Hinum sömu reglum, verður sá að fylgja sem er gagnsemi inni málfallinu. Nokkuð syndist það líka hart fyrir þann sem við ritstjórn fengist, að þurfa að takmarka ritfrelsi þeirra sem í blað hans vilda skrifa og segja við þá: Þér megið ekki skrifa um þetta efni; lesendum



blaðs míns verður það á móti skapi. Eg skal segja ykkur um hvað þið skulið skrifa.
Þeim mönnum mundi þykja sú kenning nokkuð einkennileg.
Og eftir því sem maður hugsar lengur út í spurninguna, sem í upphafi greinar þessarar er, þá verður hún flóknari, tjáir fleiri hliðar en áður.
Að lokum mundu segja við sjálfum sig: Að vísu er hægt að fullnægja nokkud kröfum lesenda tíma, með því að setja sig vel inn í tjáðar svið þeirra, reyna að skilja vel hvað það sé sem þeir æski eftir að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heyra. Er í þeim leiðangri
finnur þú svo mörg sjónarmið,
margbreyttan smekk, að þú getur
eigi komið tölu á slíkt.
Og þú segir: Það er óvinnandi
vegur að ætla að gera öllum
þessum fjölda til geðs, og leiðist
mun best frá slíku starfi.
Skamta fæðuna eftir mínum
mæli kvarða; reyni að stuðla til
þess að hún verði svo sönn
hafi góð áhrif á þá sem
hennar neyta. Meira er
ekki hægt að heimta af mér.



Yu Hátíðin að faranótt hins 1. þ. m.
(stökur.)

1. Enda marka unun þinna
áttu gamla Húsavík:
menn sem gagn þér mikið vinna
er mest og best í pólitík.
2. Siggujóns í sölum skæði
svaddan undir þetta óð:
Meirlingar grétu af gleði,
gekk þeim nærri tára flóð.
3. Dundi í lækjum dögg af hvörmum
Dana öðlin hverja sál
lófum sínum vermdi vörmum,
vissi að kveyktist þar gæti hún bál.
4. Flytja ræður rekkar náðu,
rénandi meðan þótti um sinn:
„Að þér stæðist“ allir kváðu
„einatt góðin Bersi minn!“

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Söngur gall í sölum fríðum
svo að fjallið hristist brátt
Vættir allar hrukku í hlíðum:
hérna karlar leika dátt.
6. Því hver sé frelsis fjöðrin plokkuð
og fátt sé gert sem veiti lið
af ósjálfstæði er en til nokkurs
en aldrei skortir hreinlyndið.

Slaka orkt á Þorraþrælinn
20 febr. 1904, undir gömlum hætti
Niður hanga hríðar ský;
háir drangar sýna vanga bleika.
Kalt er að ganga káfi í,
kyljur strangar leggja strangir leika.



Um leið og Framtíð leggur af stað í aðra ferð sína, getur hún ekki annað en minnst á — með lotningar fullu þakklæti allra þeirra hinna miklu gjafa sem Þorpsbúar hafa látið af hendi rakna við hana, frá því hún komst á legg til þessa dags. Sá styrkur hefur ekki verið mældur henni úr af naumum vanefnum; en tilgangurinn er því hinn sami og er henni því skylt að meta hann réttilega. Hún dáist að því sjálfsafneitunar þreki sem þeir hafa sýnt, með því að yfirgefa danssalinn, spilaborðið og hinar algengustu mátstofur, einungis

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til þess að taka stílvopnið og
beita því í hennar þarfir.
Þetta kallar maður að ráða niður-
lögum freistinganna.
Einkum og sérstaklega, vill hún
senda þeim sínar kærustu þakk-
ir, er vildu þegar í byrjun
vega hennar, leiða hana inn á
þær brautir sem lagðar voru
til þeirra velferðar gullnáma
sem áttu að hefja Húsavík upp á
framfara hæðirnar, neðan úr
þröngsýninni og lágnættis skugg-
unum. Og hún veit að hún
hefur brotið þar boðorð að sum-
leyti; því landsmálin urðu út-
undan, en það er bót í máli að þau



höfðu ekki neina ákveðna áætlun
til starfa hennar. Nú veit hún
best hvar þeir hafa í sölurnar lagt
fyrir hana. Hvar vetna hafa þau
góðu ráð og leiðbeiningar sem þeir
hafa veitt henni í ríkum mæli,
ljósað henni „sem leiftur á blákveli nætur."
Það voru svo sem ekki tálvon-
ið er hún skapaði sér þegar hún
lagði fyrst af stað, er hún áleit, að
þar ætti hún traustan bakhjall
þar sem þeir voru.
Hún vill því ekki fara svo
aftan að siðunum, að gleyma að
þakka fyrir öll þessi gæði, áður
en gleymskan getur dregið máttinn
úr þakklætis tilfinningunni.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Alvaran. frh.

Það sem hinum eftirlegustu mönnum í keisaradæminu tókst ekki; það heppnaðist hinum unga manni frá Bergen. Hin yndislega Emelia, fékk ást á hinum fríða ungling, sem foreldrar hennar höfðu umsjá yfir; var hann því oft í heimboðum hjá húsbónda sínum ásamt öðrum skrifurum. Hinrik H...... – svo hét hinn ungi maður, var einn af þeim mönnum sem kunna svo snilldarlega að andvarpa; líta hægt upp. og horfa niður



fyrir sig á réttum tíma. Svo að ung stúlka hlaut að verða ástfangin í honum. Vér vitum ekki hvenær þau gátu talað saman í einrúmi; en svo magnaðist ást hennar til hans að hún einn dag kastaði sér fyrir fætur foreldra sinna, og bað þau að samþykkja ráðahaginn þ.e. að þau Hinrik og hún fengju að njótast. Hún fullvissaði þau um það að án hans gæti hún eigi lifað. Hún ímyndaði sér að foreldrar sínir mundu samþykkja

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráðahaginn, því hún hafði
aldrei neitað honum um nokk-
ra bón. Það var nú
samt skökk ímyndun.
Faðir hennar leiddi henni
það fyrir sjónir með hörðum
orðum, hvað bón hennar
væri heimskuleg.
Endirinn á þessu varð sá
að faðir hennar kvaðst
aldrei gefa samþykki
sitt til þess að hún giftist
þessari fátæku mannfýlu,
þar eð líka hann væri
annarar trúar.

Ritstjórar:
A. Sigurðsson, Ben. Guðmundsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur